Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Leikskólinn Lundur

2026– 2027



Mynd af leikskólanum eða úr starfi ef vill.

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Leiðarljós Lundar 4
2. Greinargerð leikskólastjóra 5
3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 Innra mat 6
4. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 8
5. Starfsþróunarsamtöl 12
6. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 12
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 12
8. Foreldrasamstarf 12
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 13
10. Þróunarverkefni 13
11. Fylgiskjöl: 13
11.1 **Innra mat xxx deildar/deilda 2025-2026** 13
Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta ár. 13
11.2 **Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027** 14
11.3 Umsögn foreldraráðs 14

1. Leiðarljós **Lundar**



Leiðarljós

Í Lundi sitja allir við sama borð. Við sýnum börnunum virðingu, hvort öðru, foreldrum og öðrum aðstandendum barnanna, gestum og gangandi, sömu virðingu og velvilja, óháð kyni,kynhneigð, trú, uppruna, þjóðerni, stjórnmálaskoðunum, heilsufari, fötlun og aldri.

Einkunnarorð:

Virðing Í Lundi er ávallt haft að leiðarljósi að fólk komi fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálft. Frá fyrsta degi er lögð áhersla á að hver einstaklingur fái jákvæða og góða sjálfsmynd þegar hann speglar sig í framkomu starfsfólksins og hinna barnanna.

Væntumþykja Andlegt öryggi barnanna í Lundi er ekki síður mikilvægt en líkamleg umhirða þeirra. Þarfir barnanna eru því í fyrirrúmi og starfsfólkið er ætíð tilbúið til þess að sinna þeim. Þetta gerir starfsfólk Lundar af þeirri væntumþykju og alúð sem þarf til að börnin finni alla þá elsku sem þau þarfnast hverju sinni.

Vellíðan Vellíðan barna í leikskóla er forsenda þess að þau geti notið þess sem þar er boðið upp á, í námi og starfi.

Virkni Sé fyrrnefndum þörfum barnanna fullnægt leiðir það af sér virka og örugga einstaklinga sem eru tilbúnir til þess að rannsaka og tileinka sér allt á milli himins og jarðar

2. Greinargerð leikskólastjóra

Á leikskólaárinu 2025 til 2026 var og er áfram unnið að endurbótum leikrýmis barnanna í Lundi, með hin ýmsu birtingarform leiksins í huga.

Áhersla er lögð á:

- Hreyfileikinn
- Hlutverkaleikinn
- Frjálsa leikinn.
- Aukna og bætta aðstöðu fyrir listsköpun barnanna.

Með þessum endurbótum er áfram leitað leiða til aukins lýðræðis barnanna í Lundi. Lýðræðis til að velja og hafna milli ólíkra viðfangsefna á eigin forsendum.

Dagskipulag leikskólans var endurskoðað með tilliti til aðgengis allra barnanna til aukins lesturs. Í byrjun dags, dag hvern lesa börnin. Þarna ræður hvert og eitt barn för; t.d vill það lesa sjálft ;vill það skoða myndir og tjá sig út frá þeim eða vill það láta lesa fyrir sig. Þetta er viðauki við það sem áður var en lestur í hópastarfi og í samverustundum er fastur liður eins og verið hefur í rútínu hvers leikskóladags

Eins og áður stendur starfsfólk Lundar sig með eindæmum vel líkt og klettur í öldurót og tryggja að nemarnir ungu fái þá umönnun, kennslu og kærleika sem svo ungar sálir þarfnast hverju sinni.

Fyrir það ber að þakka.

Yndisleg börn eiga yndislega foreldra sem ávallt hafa sýnt leikskólanum mikla virðingu tryggð og hlýju. Fyrir það ber að þakka.

Í lok hvers leikskólaárs er það mikil gæfa hvers leikskóla og starfsfólks hans að geta með stolti horft um öxl og sagt: Hér eru og voru hamingjusöm börn sem öll komust heil heim að kvöldi dags, döfnuðu og þroskuðust sátt og sæl við allt og alla.

Fyrir það ber að þakka.

Í Lundi er talað um að börnin sem eru að kveðja séu orðin fleyg. Á þessu leikskólaári eru það nemendur fæddir árið 2024 og 2025 sem kveðja Lund og takast á við næsta leikskólastig í öðrum leikskóla. Það er bæði með þakklæti og eftirsjá sem starfsfólk Lundar kveður þá og fjölskyldur þeirra. Nú tekur við leikskólaárið 2026 til 2027 með nýjum meisturum sem fæddir eru 2025 og 2026 ásamt foreldrum þeirra og stórfjölskyldu. Við starfsfólkið í Lundi tökum öllum þessum börnum fagnandi. Þau munu svo sannarlega njóta alúðarinnar sem huggar þau, bætir og kætir í fjarveru foreldranna og furðufljótt opnast augu þeirra fyrir óteljandi möguleikum leikskólalífsins

Valgerður H. Valgeirsdóttir

3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Ágreiningsmál í samskiptum barnanna .Vægi biðlundar
Hvernig fór matið fram?	Verkefnið var rætt á starfsdögum og starfsmannafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Fagteymi og annað starfsfólk. Börnin með viðbrögðum sínum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Samskiptin batna en ástæðan er fyrst og fremst að það eru skýrar reglur sem börnin fara eftir. 1-2ja ára börn hafa ekki náð þeim þroska að skilja af hverju þau ættu að þurfa að bíða. Hinsvegar geta þau lært að bíða sem er þá spurning um að fara eftir fyrirmælum án þess að skilja af hverju. Leggja meiri áherslu á sýnikennslu starfsfólksins í þeirri vinnu sem framundan er. Áætlað var að verkefnið yrði endurmetið í febrúar sl en í ljósi aðstæðna framlengist það til okt. 2026.

Hvað var metið?	Ágreiningsmál í samskiptum barnanna. Þolinmæði
Hvernig fór matið fram?	Verkefnið var rætt á starfsdögum og starfsmannafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Fagteymi og annað starfsfólk. Börnin með viðbrögðum sínum.
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Samskiptin batna en ástæðan er sú, að okkar mati, að það eru reglur og þær eru skýrar. 1-2ja ára börn hafa ekki náð þeim þroska að skilja af hverju þau eru ekki miðdepill alheimsins og fá ekki vilja sinn í einu og öllu um leið og þau láta hann í ljós. Hinsvegar geta þau lært að fara eftir fyrirmælum án þess að skilja af hverju þau eru eins og þau eru. Tækifæri til umbóta væri að: Leggja meiri áherslu á sýnikennslu starfsfólksins í þeirri vinnu sem framundan er. Áætlað var að verkefnið yrði endurmetið í febrúar sl. en í ljósi aðstæðna framlengist það til jan. 2027.

Hvað var metið?	Útinám barnanna.Veðurfar, klæðnaður
Hvernig fór matið fram?	Verkefnið var rætt á starfsdögum og starfsmannafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Fagteymi og annað starfsfólk. Börnin með viðbrögðum sínum.
Helstu niðurstöður mats	1-2ja ára börn hafa ekki náð þeim þroska að tengja saman veðurfar og klæðnað. Smá saman átta þau sig á því að það eru tengsl. Í Lundi höfum við lært að það hjálpar og er skemmtilegra að persónugera náttúruöflin, sólin og rigningin gera kröfur á börnin um sérstakan klæðnað. Tækifæri til umbóta: Leggja meiri áherslu á sýnikennslu starfsfólksins í þeirri vinnu sem framundan er. Áætlað var að verkefnið yrði endurmetið í febrúar sl. en í ljósi aðstæðna framlengist það til nóv.. 2026.

Ytra mat

Hvað var metið?	Faglegt starf, húsnæði og húsbúnaður Lundar
Hvernig fór matið fram?	Árlegt og venjubundið eftirlit SFS fór fram í desember en það sendi síðan tilkallaðan fulltrúa í eftirlit frá nóvember til janúar 2026.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Auk fulltrúa SFS, Anna Gréta Guðmundsdóttir.
Helstu niðurstöður mats	AGS lagði fram tillögur að umbótum á innra starfi leikskólans Lundar.

Hvað var metið?	Húsnæði leikskólans Lundar og útisvæði
Hvernig fór matið fram?	Fulltrúar Heilbrigðiseftirlits komu í reglubundið eftirlit.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Leikskólastjóri og fulltrúar Heilbrigðiseftirlits.
Helstu niðurstöður mats	Engar athugaemdir bárust.

Hvað var metið?	Húsnæði Leikskólans Lundar
Hvernig fór matið fram?	Eldvarnareftirlitið komu í reglubundið eftirlitið.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Leikskólastjóri og fulltrúar eldvarnareftilits.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Engar athugasemdir voru gerðar.

Hvað var metið?	Vinnuumhverfi starfsfólks í Lundi
Hvernig fór matið fram?	Fulltrúar Vinnueftirlits ríkisins komu í eftirlit.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Leikskólastjóri og fulltrúar Vinnueftirlitsins
Helstu niðurstöður mats	Athugasemdir voru gerðar við vinnuaðstöðu við bleiuskipti og þvottavél. Úrbótum lokið.

4. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni.** Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Samskipti og hvatning
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stjórnendur láti sér annt um velferð starfsmanna leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnandi temji sér umburðarlyndi í garð starfsfólks og hvers annars um leið og þeir hvetja það til góðra verka.
Ábyrgð	Stjórnendur leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hafið og væntanlega lokið í okt. 26
Hvenær og hvernig á að meta?	Í starfsþróunarviðtölum, starfsdögum og á starfsmannafundum. Stuðst verður við Viðmið og vísbendingar SFS.
Viðmið um árangur-	Allir eru sáttir við sitt framlag og hvers og eins í leikskólanum.

Stjórnun-	
Umbótaþáttur	Samskipti/Hvatning
Tækifæri til umbóta	Réttlátar vinnureglur
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnendur hvetja til opinna og heiðarlegra samræðna á fundum. Þeir hvetja allt starfsfólk til þess að tjá sig um útfærslu daglegs/faglegs starfs og hvort það gangi á skjön við Námskrá Lundar.
Ábyrgð	Stjórnendur leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Verkið er hafið og því verður væntanlega lokið í nóvember 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Í starfsþróunarviðtölum og á starfsdögum og starfsmannafundum. Stuðst verður við Viðmið og vísbendingar SFS.
Viðmið um árangur-	Starfsfólk er sátt við vinnureglurnar.

Uppeldis og menntastarf	
Umbótaþáttur	Uppeldisfræðilegar skráningar
Tækifæri til umbóta	Gera styrkleika getu og áhuga barnanna sýnilegri starfsfólki og foreldrum.
Aðgerðir til umbóta-	Fræðsla um uppeldislegar skráningar.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hafið og væntanlega lokið í ágúst 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Með öflun gagna og umræðu um verk og vinnslu skráninga.
Viðmið um árangur	Starfsfólki og foreldrum finnst það þekkja barnið betur.

Menning	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Upplifun
Tækifæri til umbóta	Aukið menningarlíf í Lundi
Aðgerðir til umbóta	Hreyfing og dans
Ábyrgð	Stjórnendur leikskólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hafið og væntanlega lokið í janúar 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið á starfsdögum og starfsmannafundum. Viðmið og vísbendingar SFS
Viðmið um árangur	Enn meiri gleði, áhugi og virkni barna og fullorðinna í Lundi

Mannauður	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hlutverk leikskólakennara.
Tækifæri til umbóta	Að leiksskólakennarar og aðrir kennarar miðli starfsmönnum af faglegri þekkingu sinni með áherslu á þemu leikskólans.
Aðgerðir til umbóta	Faglegri vinna starfsfólks í daglegu starfi með vísan til þemu leikskólans.
Ábyrgð	Fagteymi leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hafið og er alltaf í gangi.
Hvenær og hvernig á að meta?	Með Aðalnámskrá leikskóla, Námskrá Lundar, með símati og Viðmiði og vísbendinum SFS
Viðmið um árangur	Samvinna og samábyrgð einkennir liðsandann. Starfsfólkið ræðir starfshætti sína, deilir þekkingu sinni, veitir leiðsögn og styður hvert annað.

Mannauður	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hlutverk leikskólakennara.
Tækifæri til umbóta	Að leiksskólakennarar og aðrir kennarar miðli starfsmönnum af faglegri þekkingu sinni með áherslu á þemu leikskólans.
Aðgerðir til umbóta	Faglegri vinna starfsfólks í daglegu starfi með vísan til þemu leikskólans.
Ábyrgð	Fagteymi leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hafið og er alltaf í gangi.
Hvenær og hvernig á að meta?	Með Aðalnámskrá leikskóla, Námskrá Lundar, með símati og Viðmiði og vísbendinum SFS
Viðmið um árangur	Samvinna og samábyrgð einkennir liðsandann. Starfsfólkið ræðir starfshætti sína, deilir þekkingu sinni, veitir leiðsögn og styður hvert annað.

Leikskólabragur	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Velferð og líðan barnanna.
Tækifæri til umbóta	Virðing.
Aðgerðir til umbóta	Skilgreinum virðingu og horfum á hvernig hún birtist í Lundi.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hafið og endurmetið í feb. 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Á starfsdögum og starfsmannafundum.
Viðmið um árangur-	Í Lundi kemur fólk fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálft. Hver einstaklingur fær góða og jákvæða upplifun þegar hann speglar sig í augum starfsfólksins og barnanna.

Leikskólabragur.	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Velferð og líðan barnanna.
Tækifæri til umbóta	Væntumþykja.
Aðgerðir til umbóta	Skilgreinum væntumþykju og horfum á hvernig hún birtist í Lundi.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hafið og endurmetið í feb. 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Á starfsdögum og starfsmannafundum.
Viðmið um árangur	Í Lundi kemur fólk fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálft. Hver einstaklingur fær góða og jákvæða upplifun þegar hann speglar sig í augum starfsfólksins og barnanna.

5. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl munu fara fram í mars og apríl 2027. Nýttur verður viðtalsrammi fyrir einstaklingsviðtöl úr leiðbeiningum um innra mat leikskóla. Hver starfsmaður fær í hendurnar til undirbúnings fyrir samtalið:

- Spurningar til umhugsunar og samræðna er varða m.a. væntingar starfsmanna til vinnustaðarins.
- Aðalnámskrá leikskóla.
- Handbók um leiki barna í leikskólum (Sara Margrét **Ólafsdóttir** og Svava Björg Mörk)
- Námskrá Lundar,
- Námsvísi Lundar.
- Forvarnar- og öryggishandbækur Lundar.

6. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

- Námskeið um tónlistaruppeldi barna í ungbarnaleikskóla.
- Fyrirlestur um virðingu, við horfum á og skilgreinum hvernig hún birtist í Lundi.

7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Á ekki við.

8. Foreldrasamstarf

Í Námskrá Lundar er kafli sem heitir Leikskólinn og fjölskyldan, á bls. 26 til 29. Í honum er að finna nánari upplýsingar um foreldrasamvinnu.

Foreldraráð

Vegna sérstöðu Lundar sem ungbarnaleikskóla er foreldraráð ekki kjörið fyrr en að hausti.

Foreldrakjör fer fram á hverju leikskólaári.

- Þrír fulltrúar sitja í foreldraráði.
- Foreldraráð starfar skv. 11.gr.laga um leikskóla frá 2008.
- Foreldraráð setur sér starfsreglur

Foreldraviðtöl

Allir foreldrar fá:

- Tvö foreldraviðtöl á leikskólaárinu (að öðru leyti eftir óskum)
- Umsögn varðandi barn sitt á vor/sumarönn

Í Lundi hefur ætíð verið lögð áhersla á að eiga dag hvern góð samskipti við foreldra um börn þeirra og daglegt starf leikskólans.

9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá fylgiskjal.

10. Þróunarverkefni

Á ekki við.

11. Fylgiskjöl:

11.1 Innra mat xxx deildar/deilda 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

Samskipti í Lundi: Virðing, Væntumþykja,Vellíðan og Virkni eru einkunnarorð Lundar og sem slík mjög mikilvægur grunnur að starfinu öllu. Virðing er sá þáttur sem lögð var mest áhersla á þ.e í samskiptum á milli barnanna, á milli barna og fullorðinna og fullorðinna sín á milli.

Ágreiningsmál í samskiptum barnanna, vægi biðlundar. Að leggja inn hjá börnunum undanfara þess að skiptast á og bíða með það að markmiði að þau verði betur undirbúin fyrir næsta skólastig.

Ágreiningsmál í samskiptum barnanna, þolinmæði. Auka þolinmæði barnanna og kenna þeim að taka á deilumálum vegna leikfanga. Grípa inn í deilurnar og kenna þeim valkostina sem þau hafa; að bíða; að skiptast á eða velja eitthvað annað leikfang. Markmiðið er að þau verði betur undirbúin fyrir næsta skólastig.

Gæði í samskiptum barnanna. Stundum eru börnin sjálf bestu kennararnir. Sum þeirra hafa sjálf frumkvæði að því að miðla sínu dóti til hinna barnanna. - Frábær sjálfsprottin sýnikennsla í jákvæðum samskiptum-.

Ávallt skal hafa í huga að þroskamunur barnanna er mikill og börn 1 til 2ja ára hafa ekki náð þeim þroska að geta skilið hvað um er að ræða. Þau eru fyrst og fremst að æfa sig því æfingin skapar meistarann.

EKKI SATT!!!

Tækifæri

Tækifæri til umbóta: Það er mikill þroskamunur á milli barna á aldursbilinu 1ns til 2ja ára en tæpast hefur nokkuð barn á aldursbilinu nægilega færni til þess að skilja um hvað málið snýst. Hinsvegar geta þau lært að herma eftir hegðun og þar liggja tækifærin:

Á komandi leikskólaári mun verða áfram lögð áhersla á að styrkja starfsfólkið til stuðnings hvert við annað. Hvenær er æskilegt að grípa inn í samskipti barnanna með það að markmiði að þau tileinki sér góð samskipti, sín á milli og við fullorðna.

11.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum hópi barna, börnum með stuðning og áherslum leikskólans.**

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldir börn í samvinnu deilda

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Leikur og leikumhverfi yngstu barnanna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hvert er hlutverk starfsmanns í frjálsum leik barna í ungbarnaleikskóla. Hvenær á það við að taka þátt og hvenær ekki.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með umræðum á starfsdögum þar sem starfsfólk miðlar þekkingu sinni og reynslu sín á milli. Að fólk verði meðvitaðra um gildi leiksins fyrir uppeldi og þroska barnsins og minni hvort annað á þegar við á.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og annað starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Febrúar 2027 og áætluð lok í nóvember 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með umræðum og endurgjöf starfsfólks á ferlið og reynslu þess af því.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsmaður finni hjá sér hvenær tímabært sé að færa aðlögun barnsins í átt að auknu sjálfstæði þess og til virkrar þátttöku í leiknum.

11.3 Umsögn foreldraráðs

Berst í okt/nóv. 2026

F. h. leikskólans .....

_____

Leikskólastjóri Dagsetning


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: LEIKSKÓLINN LUNDUR

SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ		ÁGÚST	
1 Þ		1 F		1 S		1 Þ	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M		1 M		1 F	Vetrarþema lýkur	1 L	Veraklýðsdagurinn	1 Þ		1 F	Sumarleyfi	1 S	
2 M		2 F		2 M		2 M	Jólaþema hefst	2 L		2 Þ		2 Þ		2 F		2 S		2 M	Foreldraviðtöl	2 F	Sumarleyfi	2 M	Frídagur verslunarmanna
3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F	Foreldraviðtöl	3 L		3 Þ	
4 F		4 S		4 M		4 F		4 M		4 F		4 F		4 S		4 Þ	Starfsmannafundur	4 F	Foreldraviðtöl	4 S		4 M	
5 L		5 M	Endurmat og skipulagsvinna	5 F		5 L		5 Þ		5 F		5 F		5 M	Fréttabréf	5 M	Stjórnarfundur	5 L		5 M	Sumarleyfi	5 F	
6 S		6 Þ		6 F		6 S		6 M	Jólaþema lýkur þrettándinn	6 L	Dagur leikskólans	6 L		6 Þ	Vor og sumarþema hefst	6 F	Uppstigningardagur	6 S	Sjómannadagurinn	6 Þ	Sumarleyfi	6 F	
7 M		7 M		7 L		7 M		7 F	Starfsmannafundur	7 S	Dagur tónlistarskólans	7 S		7 M		7 F	Endurmat og skipulagsvinna	7 M	Foreldraviðtöl	7 M	Sumarleyfi	7 L	
8 Þ	Dagur læsis	8 F		8 S	Baráttudagur gegn einelti	8 Þ		8 F	Fréttabréf	8 M	Bolludagur	8 M		8 F		8 L		8 Þ	Foreldraviðtöl	8 F	Sumarleyfi	8 S	
9 M		9 F		9 M		9 M		9 L		9 Þ	Sprengidagur	9 Þ		9 F		9 S		9 M	Foreldraviðtöl	9 F	Sumarleyfi	9 M	
10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 M	Öskudagur	10 M		10 L		10 M		10 F	Foreldraviðtöl	10 L		10 Þ	
11 F	stjórnarfundur	11 S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11 M		11 F		11 M	Vetrarþema hefst	11 F	Dagur íslenska táknmálsins	11 F		11 S		11 Þ		11 F	Foreldraviðtöl	11 S		11 M	Stjórnarfundur
12 L		12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 F	Stjórnarfundur	12 M	Starfsþróunarviðtöl	12 M		12 L		12 M	Sumarleyfi	12 F	
13 S		13 Þ		13 F	starfsdagur	13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ	Starfsþróunarviðtöl	13 F		13 S		13 Þ	Sumarleyfi	13 F	Starfsmannafundur
14 M		14 M		14 L		14 M		14 F		14 S		14 S	Dagur stærðfræðinna	14 M	Starfsþróunarviðtöl	14 F		14 M	Foreldraviðtöl	14 M	Sumarleyfi	14 L	
15 Þ		15 F		15 S		15 Þ		15 F	Endurmat og skipulagsvinna	15 M		15 M		15 F	Starfsþróunarviðtöl	15 L		15 Þ	Foreldraviðtöl	15 F	Sumarleyfi	15 S	
16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 F		16 M	Dagur íslenskrar tung	16 M		16 L		16 Þ		16 Þ		16 F	Starfsþróunarviðtöl	16 S	Hvítasunnudagur	16 M	Foreldraviðtöl	16 F	Sumarleyfi	16 M	
17 F		17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 M		17 L		17 M	Annar í Hvítasunnu	17 F	Lýðveldisdagurinn	17 L		17 Þ	
18 F		18 S		18 M		18 F		18 M		18 F		18 F		18 S		18 Þ		18 F	Foreldraviðtöl	18 S		18 M	
19 L		19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F	Starfsmannafundur	19 F		19 M		19 M		19 L		19 M	Sumarleyfi	19 F	
20 S		20 Þ		20 F	Dagur mannréttinda b	20 S		20 M		20 L		20 L		20 Þ		20 F		20 S		20 Þ	Sumarleyfi	20 F	Endurmat og skipulagsvinna
21 M	fréttabréf	21 M		21 L		21 M		21 F		21 S	Konudagur - upphaf G	21 S	Pálmasunnudagur	21 M		21 F	Umhverfisdagur	21 M	Foreldraviðtöl	21 M	Sumarleyfi	21 L	
22 Þ		22 F	Skráningardagur	22 S		22 Þ		22 F	Bóndadagur - upphaf Þorra	22 M	Vetrarfrí	22 M	Skráningardagar	22 F	Sumardagurinn fyrsti	22 L		22 Þ	Foreldraviðtöl	22 F	Sumarleyfi	22 S	
23 M		23 F	Skráningardagur	23 M		23 M	Þorláksmessa	23 L		23 Þ	Skráningardagar	23 Þ	Skráningardagar	23 F	Umhverfisdagur	23 S		23 M	Foreldraviðtöl	23 F	Sumarleyfi	23 M	
24 F		24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M	Vinna við umsagnir barnanna	24 M	Skráningardagar	24 L		24 M	Vinna við umsagnir barnanna	24 F	Foreldraviðtöl	24 L		24 Þ	Skólasetning grunnskóla
25 F	starfsdagur	25 S		25 M		25 F	Jóladagur	25 M		25 F	Vinna við umsagnir barnanna	25 F	Skírdagur	25 S		25 Þ	Vinna við umsagnir barnanna	25 F	Foreldraviðtöl	25 S		25 M	
26 L	Evrópski tungumálad.	26 M	Skráningardagur	26 F		26 L	Annar í jólum	26 Þ		26 F	Endurmat og skipulagsvinna	26 F	Föstudagurinn langi	26 M		26 M	Vinna við umsagnir barnanna	26 L		26 M	Sumarleyfi	26 F	
27 S		27 Þ		27 F	Haustþema lýkur	27 S		27 M		27 L		27 L		27 Þ	Menntastefnumót	27 F	Vinna við umsagnir barnanna	27 S		27 Þ	Sumarleyfi	27 F	
28 M	Haustþema hefst	28 M		28 L		28 M	Skráningardagur	28 F		28		28 S	Páskadagur	28 M		28 F	Vinna við umsagnir barnanna	28 M		28 M	Sumarleyfi	28 L	
29 Þ		29 F		29 S		29 Þ	Skráningardagur	29 F				29 M	Annar í Páskum	29 F		29 L		29 Þ	Starfsdagur	29 F	Sumarleyfi	29 S	
30 M		30 F		30 M	Fréttabréf	30 M	Skráningardagur	30 L				30 Þ	Starfsdagur	30 F		30 S		30 M	Starfsdagur	30 F	Sumarleyfi	30 M	
		31 L				31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M				31 M				31 L		31 Þ	Námskeiðsdagur